



## Hreppsnefnd 03.03.05

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 3. mars 2005  
- kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Björn Halldórsson og Ellert Árnason.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarsjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: Fundargerð hreppsnefndar frá 27. janúar sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 27. janúar sl.

Fundargerðin samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingum.

2. mál: Fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 18. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 18. feb. sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. mál: Fundargerð ferlinefndar frá 08. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð ferlinefndar frá 08. febrúar sl.

Hreppsnefnd tekur undir að aðgengi fatlaðara á hóteli verði lagfært til samræmis við ábendingar í fundargerðinni. Lagt var til skoðaðir yrðu kostir og kostnaður við uppsetningu lyftu framan aðalinngang hótelsins.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. mál: Fundargerð menningarmála- og bókasafnsnefndar frá 26. janúar sl.

Lögð fram fundargerð menningarmála- og bókasafnsnefndar frá 26. janúar. Í fundar-gerðinni er lýst helstu viðburðum sem framundan eru og hvaða verkefni nefndin hefur mestan áhuga að vinna að. Hreppsnefnd hvetur nefndina til áframhaldandi vinnu við þau verkefni sem minnst er á, lífleg umræða átti sér stað á fundinum.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá tímabundinni ráðningu starfsmanns til að vinna að verkefni Jóns og Jónasar Múlasona.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

5. mál: Fundargerð hafnarnefndar frá 21. febrúar sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 21. feb. sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundargerðinni.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

6. mál: Bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 04. febrúar 2005.

Lagt fram bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 4. feb. sl., þar sem nefndin greinir frá fundi með forsvarsmönnum sveitarfélagsins frá 20. sept. sl., þar sem skýrð voru atriði sem nefndin óskaði svara við.

Á grundvelli fenginna svara og þess að að peningalegar eignir sveitarfélagsins í ársreikningi 2003 eru verulega vanmetnar, telur nefndin ekki ástæðu til að hafa fjármál sveitarfélagsins lengur til sérstakrar skoðunar.

Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með framkomna niðurstöðu eftirlitsnefndarinnar.

7. mál: Sláturfélag Vopnfirðinga bréf dags. 28. febrúar 2005.

Lagt fram bréf Sláturfélags Vopnfirðinga dags. 28. feb. sl., þar sem óskað er eftir að

Vopnafjarðarhreppur tók þátt í fyrirhugaðri hlutafjárútkningu Sláturfélagsins í tengslum viðamiklar breytingar á sláturhúsinu. Í máli hreppsnefndarmanna kom fram mjög jákvæður vilji til koma til móts við óskir sláturfélagsins.

Fram kom tillaga um að fresta afgreiðslu málsins milli funda.

Sú málsmeðferð var samþykkt samhljóða.

8. mál: Björgunarsveitin Vopni bréf dags. 24. febrúar sl.

Lagt fram bréf Björgunarsveitarinnar Vopna, þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á fjölnota beltatæki fyrir Björgunarsveitina.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra ásamt oddvita að ræða við bréfitara með tilliti til þess að að mæta óskum sveitarinnar, en að samhliða verði jöfnuð út skuld við hreppinn vegna lóðarframkvæmda.

Samþykkt samhljóða

9. mál: Menningarráð Austurlands bréf dags. 2. febrúar sl., varðandi tilnefningu á aðalfund.

Lagt fram bréf Menningarráðs Austurlands frá 2. feb., þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund ráðsins sem haldinn verður á Hótel Bláfelli Breiðdalsvík 15. mars nk.

Samþykkt að, Emil Sigurjónsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og Magnús Már Þorvaldsson til vara.

10. mál: Austurlandsskógar bréf dags. 14. jan. sl.

Lagt fram bréf Austurlandsskóga dags. 14. jan. sl., þar sem Vopnafjarðarhreppur er gefinn kostur á að gera skógræktarsamning á jörð sinni Þorbrandsstöðum, Vopnafirði.

Hreppsnefnd samþykkti að gengið yrði til samninga við Austurlandsskóga um þessi mál.

11. mál: Bréf Sambands Ísl. sveitarfélaga, dags. 01. febrúar sl., þar sem boðað er 19. landsþing Sambands Ísl. sveitarfélaga

Lagt fram bréf Sambands Ísl. Sveitarfélaga dags. 14. feb. sl., þar sem boðað er til 19. landsþings Sabandsins.

Emil Sigurjónsson er kjörinn fulltrúi sveitarfélagsins á þingið.

12. mál: Bréf Jóns H. Skúlasonar, endurskoðanda H.B. Granda hf., dags. 07. janúar sl., varðandi Bakkasíld.

Lagt fram bréf Jóns H. Skúlasonar endurskoðanda HB Granda dags. 7. janúar sl., þar sem óskað er niðurfellingar á skuld Bakkasíldar við Vopnafjarðarhrepp alls að fjárhæð um 511 þús. kr.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að skuldin yrði felld niður.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.